Nr. 14.
15.
oktbr.

# Lög

um

## laun íslenzkra embættismanna, o. fl.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

**Gjörum kunnugt:** Alþingi hefir fallizt á lög þessi, og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

### I. Almennar ákvarðanir.

1. grein.

Embættismenn þeir eða sýslunarmenn, sem eptirleiðis verða lögð embættishíbýli, skulu viðhalda þeim á sinn kostnað og greiða skatta þá og álögur, er að lögum hvíla á þeim, sem hafa afnot af húsi. Sje nokkrum embættismanni eður sýslunarmanni lögð embættisjörð, á hann að greiða alla opinbera skatta, sem á jörðinni hvíla.

Þeir, sem þegar hafa að ljeni embættishíbýli eða embættisjarðir, skulu hafa þau með sömu kjörum og þeir hafa haft.

2. grein.

Embættismenn þeir eður sýslunarmenn, sem skipaðir eru með launum, er ákveðin eru í launalögum, skulu skyldir að láta sjer lynda breytingar þær á yfirgripi og ásigkomulagi embættisstarfa þeirra, sem seinna kynni að verða mælt fyrir um, þótt eigi sje neitt áskilið um það í veitingarbrjefum þeirra.

3. grein.

Hafi sami maður tvö embætti eða sýslanir á hendi, og sjerstök laun eru ákveðin handa þeim í launalögum eða fjárlögunum, þá skal hann missa svo mikils í af laununum samanlögðum, sem svari helmingnum af minni laununum, eða ef launin eru jafnhá, $1/4$ af laununum samanlögðum. Ef embættismaður gegnir embætti með föstum launum og embætti eður sýslan, sem óvissar tekjur eru lagðar að nokkru eða öllu leyti, þá skal leggja tekjurnar af hinu síðarnefnda embætti eða sýslan, eins og þær hafa verið að meðaltali um hin síðustu 5 ár, til grundvallar, þegar reiknuð skal upphæð þess, sem hann skal missa í.

4. grein.

Sjerhver embættismaður eða sýslunarmaður er skyldur að gegna um stundarsakir þeirri þjónustu, sem er samfara þeirri stöðu, er æðri er en staða sjálfs hans í sömu stjórnargrein, án þess að eiga tilkall til þeirra hærri launa, sem eru lögð slíkri stöðu.

# Lov

Nr. 14.
15.
Oktbr.

om

## islandske Embedsmænds Lønningsforhold m. m.

---

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

### I. Almindelige Bestemmelser.

§ 1.

Det skal i Almindelighed paahvile den Embeds- eller Bestillingsmand, hvem der herefter anvises Embedsbolig, selv at afholde de med Boligens Vedligeholdelse forbundne Bekostninger samt at udrede de Skatter og Afgifter, som efter Lovgivningen paahvile Brugeren af en Bygning. Tillægges der Nogen Embedsjord, skal han udrede alle de offentlige Skatter, som paahvile Jorden.

For de Embeds- og Bestillingsmænd, hvem der alt er tillagt Embedsbolig eller Embedsjord, har det sit Forblivende ved de hidtil gjældende Regler.

§ 2.

De Embeds- og Bestillingsmænd, som ansættes med Lønninger, der ere fastsatte i en Lønningslov, ere pligtige at underkaste sig de Forandringer i deres Embedsforretningers Omfang og Beskaffenhed, som senere maatte blive bestemte, uden at det er fornødent, at noget dertil sigtende Forbehold er optaget i deres Bestallinger eller Beskikkelsesbreve.

§ 3.

Forener Nogen 2 Embeder eller Bestillinger, for hvilke særlig Lønning er fastsat ved en Lønningslov eller ved Finantsloven, skal han i deres sammenlagte Lønninger lide et Afdrag saa stort som Halvdelen af den mindste Lønning, eller, hvis Lønningerne ere lige høie, Fjerdedelen af Lønningerne sammenlagte. Forener Nogen et fast lønnet Embede med et enten i det Hele eller tildels med uvisse Indtægter lønnet Embede eller Bestilling, bliver ved Anvendelse af foranførte Regel det sidstnævnte Embedes eller Bestillings Gjennemsnitsindtægt for de sidste 5 Aar at lægge til Grund ved Beregningen.

§ 4.

Enhver Embeds- eller Bestillingsmand er forpligtet til midlertidig at overtage den Tjeneste, som er forbunden med en Stilling, der er over hans egen i samme Bestyrelsesgren, uden at have Krav paa den for en saadan Stilling normerede høiere Lønning.

Nr. 14. 15. oktbr. Sje embættismaður eða sýslunarmaður settur í annað embætti, og verði hann af þeirri sök að láta af að gegna sínu eigin embætti eða sýslan, má auk endurgjalds fyrir ferðakostnað veita honum öll launin, sem lögð eru embættinu eða sýslaninni, með því móti að hann láti af hendi laun þau, sem lögð eru embætti eða sýslan sjálfs hans. Gegni hann aptur á móti báðum stöðunum í einu, skal auk launa þeirra, sem lögð eru embætti sjálfs hans eða sýslan, veita honum þóknun, sem þó ekki má fara fram úr helmingnum af launum þeim, sem lögð eru því embætti eða sýslan, sem hann ásamt er settur í. Sjeu því embætti lagðar óvissar tekjur, skal fara eptir því, sem fyrir er sagt í niðurlaginu á 3. gr.

Nú er maður, sem eigi er í embættisstöðu, settur í embætti eða sýslan, og nýtur hann þá launa þeirra allra, er embætti því eða sýslan fylgja. Þó skal sá, sem biðlaun hefir eða eptirlaun, missa jafnmikils í og þeim nemur.

5. grein.

Metorðaskattur greiðist eigi af þeirri tign, sem er samfara embætti eður sýslan. Hafi embættismaður eða sýslunarmaður tign, sem bundin er við nafnbót, orðumark eða hirðmannsþjónustu, skal að eins greiða metorðaskatt af þeirri tign, að svo miklu leyti, sem hann við hana kemst í æðri tignarflokk, en þann, er embættið eða sýslanin heyrir til. Veitingarbrjefagjöld falla burtu eptirleiðis.

6. grein.

Allir þeir embættismenn og sýslunarmenn, sem árlega er lagt fje úr landssjóði til endurgjalds skrifstofukostnaðar, eru skyldir að senda stjórnarráðinu við lok hvers reikningsárs greinilega skýrslu um þau skrifstofugjöld, sem þeir hafa haft það ár.

7. grein.

Því, sem einhverjum samkvæmt fyrri launa-ákvörðunum hefir verið lagt meira í tekjur, en lagt er embætti því eða sýslan, sem hann hefir á hendi, í þessum eða öðrum launa-lögum, heldur hann sem viðbót, er honum sje veitt fyrir sjálfan hann.

Launaviðbót sú um stundarsakir og eptir embættisaldri, sem hingað til hefir verið lögð þeim íslenzku embættismönnum, sem nefndir eru í þessum lögum, fellur burtu frá þeim tíma, er lögin öðlast gildi.

Þeir embættismenn, sem eptir eldri ákvörðunum hafa aðgang til að fá hærri embættislaun, en ákveðin eru í lögum þessum, skulu einkis í missa við þau.

## II. Laun og fl.

8. grein.

Biskupi skal veita í árleg laun 7,000 kr.

9. grein.

Amtmanninum yfir suður- og vesturamtinu og amtmanninum yfir norður- og austuramtinu skal veita í árleg laun 6,000 kr. hvorum fyrir sig.

10. grein.

Forstjóra landsyfirrjettarins skal veita í árleg laun 5,800 kr.

Öðrum dómendum í landsyfirrjettinum skal veita í árleg laun 4,000 kr., hvorum fyrir sig.

Naar en Embeds- eller Bestillingsmand konstitueres i et andet Embede, og han som Følge deraf maa opgive at besørge sit eget Embede eller Bestilling, kan der foruden Godtgjørelse for Reiseomkostninger tilstaas ham den hele med Embedet eller Bestillingen forbundne Lønning, imod at han afgiver den til hans eget Embede eller Bestilling henlagte Løn. Besørger han derimod samtidig den med begge Stillinger forbundne Tjeneste, tillægges der ham foruden den med hans egentlige Embede eller Bestilling forbundne Løn et Honorar, som dog ikke maa være større end Halvdelen af den Lønning, der er bestemt for det Embede eller Bestilling, hvori han tillige konstitueres. Er dette lønnet med uvisse Indtægter, kommer den i Slutningen af § 3 givne Regel til Anvendelse. Nr. 14. 15. Oktbr.

Bliver en Mand, som ikke staaer i Statstjenesten, konstitueret i et Embede eller en Bestilling, tilstaas ham den hele for Embedet eller Bestillingen fastsatte Lønning, dog at den Paagjældende, saafremt han nyder Pension eller Ventepenge, lider et dertil svarende Afdrag i Lønningen.

§ 5.

Rangskat svares ikke af selve den med et Embede eller Bestilling forbundne Rang. Har Embeds- eller Bestillingsmanden Rang ifølge Titel, Ordensdekoration eller Hofcharge, svares deraf kun Rangskat, for saa vidt den giver Rang i en høiere Rangklasse end den, hvortil Embedet eller Bestillingen i og for sig henhører. Bestallingsgebyrer bortfalde for Fremtiden.

§ 6.

Samtlige Embeds- og Bestillingsmænd, hvem der af Landskassen er tillagt et aarligt Beløb i Godtgjørelse for Kontorhold, ere pligtige til ved Udgangen af hvert Regnskabsaar at indgive til Ministeriet specificerede Oplysninger om de Kontorudgifter, som de i Aarets Løb have havt.

§ 7.

Hvad der ifølge tidligere Lønningsbestemmelser er tillagt Nogen mere i Indtægt, end der ved denne eller en anden Lønningslov tillægges det af ham beklædte Embede eller Bestilling, beholder han som personligt Tillæg.

De midlertidige Lønningstillæg og de Alderstillæg, som hidtil have været tillagte de i denne Lov ommeldte islandske Embedsmænd, bortfalde fra den Tid, Loven træder i Kraft.

De Embedsmænd, som ifølge tidligere Lønningsbestemmelser have Adgang til at erholde høiere Embedslønninger end de i nærværende Lov fastsatte, berøves ikke Adgangen hertil ved denne Lov.

## II. Lønninger m. m.

§ 8.

Biskoppen lønnes med 7,000 Kr. aarlig.

§ 9.

Amtmanden over Sønder- og Vestamtet og Amtmanden over Nord- og Østamtet lønnes hver med 6,000 Kr. aarlig.

§ 10.

Justitiarius i Landsoverretten lønnes med 5,800 Kr. aarlig.

Assessorerne i Landsoverretten lønnes hver med 4,000 Kr. aarlig.

11. grein.

Landfógetanum skal veita í árleg laun 4,000 kr.

12. grein.

Póstmeistaranum skal veita í árleg laun 1,700 kr.

13. grein.

Forstöðumanni prestaskólans skal veita í árleg laun 4,600 kr.
Fyrsta kennara við prestaskólann skal veita í árleg laun 2,400 kr.
Öðrum kennara við prestaskólann skal veita í árleg laun 2,000 kr.
Forstöðumanni hins lærða skóla skal auk leigulauss bústaðar veita í árleg laun 4,200 kr.
Yfirkennara lærða skólans skal veita í árleg laun 3,200 kr.
Fyrsta og öðrum kennara við lærða skólann skal veita í árleg laun 2,400 kr., hvorum fyrir sig.
Þriðja og fjórða kennara við lærða skólann skal veita í árleg laun 2,000 kr., hvorum fyrir sig.

14. grein.

Til endurgjalds fyrir skrifstofukostnað skal veita á ári:

| | | |
|---|---|---|
| biskupi | 1,000 | kr. |
| amtmanninum yfir suður- og vesturamtinu | 1,400 | — |
| amtmanninum yfir norður- og austuramtinu | 1,000 | — |
| landfógetanum | 1,000 | — |
| póstmeistaranum | 600 | — |

15. grein.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1876, og verður frá þeim tíma eigi farið eptir þeim ákvörðunum, sem lög 21. janúar 1857 um skrifstofupeninga handa amtmönnunum og landfógetanum á Íslandi, og lög 19. janúar 1863, um launaviðbót handa ýmsum embættismönnum á Íslandi, hafa inni að halda.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalíuborg, 15. dag oktbrm. 1875.*

**Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.**

***Christian R.***

(L. S.)

*Nellemann.*

Nr. 14. Lög 15. oktbr. um laun íslenzkra embættismanna, o. fl.

§ 11.

Landfogden lønnes med 4,000 Kr. aarlig.

§ 12.

Postmesteren lønnes med 1,700 Kr. aarlig.

§ 13.

Forstanderen for Pastoralseminariet lønnes med 4,600 Kr. aarlig.

Første Docent ved samme lønnes med 2,400 Kr. aarlig.

Anden Docent ved samme lønnes med 2,000 Kr. aarlig.

Rektoren ved den lærde Skole i Reykjavik lønnes med 4,200 Kr. aarlig. Der tilstaas ham desuden fri Bolig.

Overlæreren ved den lærde Skole lønnes med 3,200 Kr. aarlig.

Første og anden Adjunkt ved samme lønnes hver med 2,400 Kr. aarlig.

Tredie og fjerde Adjunkt ved samme lønnes hver med 2,000 Kr. aarlig.

§ 14.

Som Vederlag for Kontorudgifter tilstaas der aarlig:

| | |
|---|---|
| Biskoppen . . . . . . . . . . . . . . . . . | 1,000 Kr. |
| Amtmanden over Sønder- og Vestamtet . . . | 1,400 — |
| — — Nord- og Østamtet . . . . | 1,000 — |
| Landfogden . . . . . . . . . . . . . . . . . | 1,000 — |
| Postmesteren . . . . . . . . . . . . . . . . | 600 — |

§ 15.

Denne Lov træder i Kraft den 1ste Januar 1876, og ville fra samme Tid Bestemmelserne i Lov af 21de Januar 1857 om Godtgjørelse for Kontorhold for Amtmændene og Landfogden paa Island saavel som i Lov af 19de Januar 1863 om Lønningstillæg for forskjellige paa Island ansatte Embedsmænd ikke komme til Anvendelse.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 15de Oktober 1875.**

**Under Vor Kongelige Haand og Segl.**

***Christian R.***

(L. S.)

*Nellemann.*